

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101Reykjavík

Reykjavík, 29. júní 2021
UST202106-333/I.M.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku í Surtsey

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 29. júní 2021, um leyfi til kvikmyndatöku í Surtsey 12. – 15. júlí 2021.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir hönd BBC til kvikmyndatöku í Surtsey. Tilgangur ferðarinnar er að taka upp efni fyrir heimildarþætti.

Gert er ráð fyrir þremur starfsmönnum við kvikmyndatöku í Surtsey dagana 12. – 15. júlí 2021. Þeir mun koma og fara með báti og gista í tjaldi. Rannsóknarleiðangur verður í eygni á sama tíma. Notast verður við eftirfarandi búnað: upptökuvél, þrífót, hljóðbúnað, dróna og tjaldbúnað. Allur búnaður verður hreinsaður fyrir brottför og allt sem komið verður með í eyjuna verður tekið til baka.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Hópurinn tekur þátt í árlegum líffræðileiðangri undir stjórn Borgþórs Magnússonar. Jákvætt er að miðla fræðslu og nýrri þekkingu úr rannsóknum á Surtsey. Kvikmyndagerðamenn eru frá BBC sem hafa áður gert Surtsey góð skil í sínum vönduðu heimildarþáttum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan 12-15. júlí 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Fararleyfið gildir eingöngu fyrir eftirtalda aðila:
 - Tristan Quinn – producer/director
 - Andrew Flemming - kvikmyndatökumaður
 - Ólafur Mýrdal – drónaflugmaður
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki
- þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær brottför er til

Surtseyjar með að minnsta kosti tveggja sólahringa fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins
- ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/próun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Óheimilt er að fljúga innan 200 metra fjarlægðar frá fuglabjörgum á varptíma. Utan varptíma er óheimilt að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Halda skal umferð um mávabyggðir í lágmarki. Sérstaklega skal gæta þess að styggja ekki ófleyga ungfugla. Einnig skal gæta þess að styggja ekki þá seli sem mögulega kunna að dvelja í fjörum á norðanverðri eyinni.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Haga skal flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að drónar sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Með í för verður Magnús Freyr Sigurkarlsson, starfsmaður friðlandsins.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Virðingarfyllst

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur

Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur